



Reykjavík 4. nóvember 2020

Efni: Reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar;
Dagforeldrar, leikskólar, grunnskólar, frístundastarf og tónlistarskólar

Takmörkunin tók gildi 3.nóvember 2020 gildir til og með 17. nóvember, en aflétting eða framlenging á henni verður endurmetin af stjórnvöldum.

Leikskólar og dagforeldrar

Hámarksfjöldi starfsfólks í rými	10
Lágmarksfjarlægð milli starfsfólks	2 metrar
Grímnotkun starfsfólks	Þar sem 2 m bil milli starfsfólks er ekki mögulegt
Tilfærsla starfsfólks milli hópa og rýma	Heimil sé gætt að ýtrustu sóttvörnum
Hámarksfjöldi nemenda í rými	50
Lágmarksfjarlægð milli nemenda	Engin
Grímnotkun nemenda	Engin

- Foreldrar og aðstandendur skulu almennt ekki koma inn í skólabyggingar án sérstaks leyfis.
- Aðeins eitt foreldri fylgi börnum í aðlögun og fylgi ströngum reglum á staðnum. Leikskólastjórum er heimilt að krefja foreldra um að nota grímur.
- Aðrir en starfsmenn skólanna skulu nota andlitsgrímur og gæta að 2 metra nálægðartakmörkunum ef þeir þurfa að koma inn í skólabyggingar t.d. starfsfólk skólaþjónustu eða vegna vöruflutninga.
- Fylgja þarf viðmiðum um þrif þ.m.t. um þrif á leikföngum og búnaði.

Grunnskólar og frístundastarf barna

	1.-4.bekkur	5.-10. bekkur
Hámarksfjöldi starfsfólks í rými	10	10
Lágmarksfjarlægð milli starfsfólks	2 metrar	2 metrar
Grímnotkun starfsfólks	Þar sem 2 m bil milli starfsfólks er ekki mögulegt	Þar sem 2 m bil milli starfsfólks er ekki mögulegt
Tilfærsla starfsfólks milli hópa og rýma	Heimil sé gætt að ýtrustu sóttvörnum	Heimil sé gætt að ýtrustu sóttvörnum
Hámarksfjöldi nemenda í rými	50	25
Lágmarksfjarlægð milli nemenda	Engin	2 metrar
Grímnotkun nemenda	Engin	Þar sem 2 m bil nemenda er ekki mögulegt
Sameiginleg rými (inngangur, anddyri, snyrting og gangar)	Heimilt að víkja frá fjöldatakmörkunum ef <u>starfsfólk</u> notar andlitsgrímur	Heimilt að víkja frá fjöldatakmörkunum ef <u>nemendur og starfsfólk</u> notar andlitsgrímur
Íþróttakennsla og skólasund	Óheimilt	Óheimilt

- Foreldrar og aðstandendur skulu almennt ekki koma inn í skólabyggingar án sérstaks leyfis.
- Aðrir en starfsmenn skólanna skulu nota andlitsgrímu ef þeir þurfa að koma inn í skólabyggingar.
- Skólum er aðeins heimilt að skipuleggja útvist og hreyfingu nemenda á skólatíma sé ýtrustu sóttvörnum fylgt og þá komið í veg fyrir blöndun hópa nemenda, s.s. útihlaup, göngur eða aðra virkni þar sem komið er í veg fyrir snertingu og hægt að halda nálægðarmörk.
- Nemendum í 5 – 10 bekk verða að halda minnst 2 metra fjarlægð í útiveru/hreyfingu utandyra, ellegar nota grímur. Þess skal gætt að hópar blandist ekki og allir sameiginlegir snertifletir séu sótthreinsaðir milli hópa.

Frístundastarf

Halda skal þeirri hópaskiptingu nemenda sem er í grunnskólastarfi á frístundaheimilum þannig að þar verði ekki blöndun á milli nemendahópa.

Tónlistarskólar

Hámarksfjöldi einstaklinga í rými	10
Lágmarksfjarlægð milli starfsfólks	2 metrar
Grímunotkun starfsfólks	Þar sem 2 metra bil milli starfsfólks er ekki mögulegt
Tilfærsla starfsfólks milli hópa	Heimil sé gætt að ýtrustu sóttvörnum
Grímunotkun nemenda	Andlitsgrímur skulu notaðar í öllu starfi með nemendum þar sem því verður við komið. Ekki er grímuskylda á nemendum í 5.-10. bekk ef þau geta haldið 2 metra fjarlægð. Kennsla á blásturshljóðfæri og söngkennsla undanþegin.

- Einstaklingskennsla er heimil með 2ja metra nálægðarmörk milli starfsfólks og nemenda.
- Gæta þarf að ekki verði um frekari blöndun hópa að ræða en í skólastarfi.
- Ekki fleiri en 10 einstaklingar, bæði starfsfólk og nemendur saman í rými.
- Andlitsgrímur skulu notaðar í öllu starfi með nemendum þar sem því verður við komið.

Foreldrar og aðstandendur skulu almennt ekki koma í tónlistarskóla nema brýna nauðsyn beri til. Aðrir en starfsmenn sem koma í tónlistarskóla, svo sem vegna vöruflutninga, skulu bera andlitsgrímur.

Skólaakstur

Fjöldatakmörkanir gilda almennt ekki um almenningssamgöngur og hópþjálfing og því er skólaakstur undanskilinn reglunni um hámarksfjölda. Nemendum í 5.-10. bekk og fullorðnir þurfa að bera grímur en grímuskylda er ekki á börnum í 1.-4. bekk. Leitast skal við að halda sem mestri fjarlægð og kostur er og huga vel að hreinlæti og sóttvörnum í skólabílum.

- Skipulagt ípróttu-, æskulýðs- og tómsundastarf barna á leik- og grunnskóla aldri er óheimilt á meðan reglugerðin er í gildi. Á þetta við um starf sem fer fram innan og utan skóla.
- Ráðstafanir skulu gerðar til að þrifa og sótthreinsa byggingar og búnað eftir hvern dag og milli einstaklinga og hópa í sama rými.

Helstu reglur samantekt

	2 metra regla	Hámarksfjöldi í rými	Grímunotkun
Börn á leikskólum	Nei	50	Nei
Nemendur í 1.-4. bekk	Nei	50	Nei
Nemendur í 5.-10. bekk	Já	25	Já - ef 2 metra bil er ekki mögulegt
Nemendur í tónlistarskóla	Já	10	Já
Kennarar og starfsfólk	Já	10	Já ef 2 metra bil er ekki mögulegt